



Borgarráð Reykjavíkur
b.t. skrifstofu borgarstjórnar
Ráðhúsinu Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. nóvember 2021
Tilvísun 2021-10-3813

Á fundi borgarráðs þann 30. september sl. var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn um íbúðakjarna Félagsbústaða við Árland (R21090282) sem send var Félagsbústöðum til umsagnar:

„Félagsbústaðir hafa byggt nýjan íbúðarkjarna við Árland í Fossvogi með nokkrum íbúðum sem er löngu tilbúinn.

1. Hvað kostaði tæmandi talið að byggja þennan íbúðakjarna?
2. Hvert var upphaflegt kostnaðarmat samkvæmt kostnaðarmati 1 og 2?
3. Hvers vegna hafa engir skjólstaðingar flutt í íbúðakjarnann?
4. Hvað er íbúðakjarninn búinn að standa tómur lengi án íbúa frá því hann var tilbúinn?“

Svar:

Í lok árs 2019 voru boðnar út tvær byggingar, íbúðakjarnar fyrir fatlaða, við Árland 10 og Stjörnugróf 11. Áætlað var að húsin yrðu tilbúin til innflutnings í apríl 2021.

Framkvæmdir við verkið hófust í febrúar 2020 og gengu skv. áætlun þar til umtalsvert vatnstjón varð í byggingunni við Stjörnugróf. Tjónið sem hlaut af vatnsskemmdum var bætt af tryggingafélagi viðkomandi. Eftir að vinna hófst við að fjarlægja byggingarefni sem urðu fyrir skemmdum komu í ljós ágallar á frágang á þaki hússins. Grunur vaknaði um að sömu ágallar væru á þaki Árlands 10 og reyndist svo vera. Ágreiningur varð milli byggingaraðila og hönnuða um ástæður ágallanna og fóru fram ítrarlegar rannsóknir á ástandi húsanna, bæði af hálfu verktaka og Félagsbústaða. Niðurstaða hefur náðst milli aðila og verkframtækir farnar af stað að nýju eftir um 9 mánaða hlé á framkvæmdum.

Kostnaðaráætlun, þ.e.lóðagjöld, hönnun, byggingaframkvæmdir, verkeftirlit og ófyrirséð, fyrir útboð Árlands nam 374 m.kr. Kostnaðaráætlun eftir útboð nam rúmlega 321 m.kr. Gert er ráð fyrir að endanlegur kostnaður nemi 346 m.kr. Að öllu óbreyttu verður húsið við Árland 10 tilbúið til innflutnings í janúar 2022.

Virðingarfyllt,

Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri